

Viðbót við reglurnar verði IV. liður og orðist þannig:

- 1.tl. Umferð um Laugavelli víki fyrir umferð um Sólbrekku.
- 2.tl. Umferð um Þverkletta víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
- 3.tl. Aðalbraut: Miðás, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
- 4.tl. Aðalbraut: Kaupvangur, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.

Reglur þessar taka þegar gildi og breytast reglur um umferð í Egilsstaðahreppi sbr. auglýsingu um umferð í Egilsstaðahreppi frá 11. júlí 1984 í samræmi við ofanritað.

*Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, 9. desember 1986.*

**Sigurður Eiríksson.**

1. desember 1986

Nr. 502

## REGLUGERÐ

um tannverndarsjóð.

Hlutverk sjóðsins er að greiða kostnað við fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði tannheilsu- mála svo sem fræðslu um tannhirðu og tannvernd. Sjóðurinn er í vörslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingadeild, skal leggja sjóðnum árlega til fé sem nemur 2% af kostnaði ríkissjóðs af tannlækningaþjónustu skv. lögum um almannatryggingar.

2. gr.

Heilbrigðisráðuneytið hefur yfirstjórn á starfsemi sjóðsins. Tannheilsudeild ráðuneytisins gerir tillögur til ráðherra um fræðslu- og tannverndaraðgerðir á vegum sjóðsins og hefur um það samráð við Tryggingastofnun ríkisins svo og við tannlæknadeild Háskóla Íslands og Tannlæknafélag Íslands.

Fulltrúar fyrrnefndra aðila mynda tannverndarráð, og er yfirtannlæknir ráðuneytisins formaður þess.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 43. gr. laga 67/1971 með síðari breytingum og tekur gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. desember 1986.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Páll Sigurðsson.*